


Allir hafa eitthvað til að ganga á.



Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.



Fíllinn hefur feitar tær,




ljónið hefur loppur tvær,



músin hefur margar smáar,




en ormurinn hefur ansi fáar.




Fiskurinn hefur fína ugga,



Flóðhesturinn engan skugga



krókódíllinn kjaftinn ljóta,



sá er klár að láta sig fljóta



Á vængjunum fljúga fuglarnir,



á fótunum ganga trúðarnir



á hnúum hendast aparnir,



á rassinum leppalúðarnir